

Fundargerð 3. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundarstaður: Kaffi 59 í Grundarfirði

Fundardagur: 26. apríl 2004

Til fundarins voru boðaðir sveitarstjórar sveitarfélagnna fimm á Snæfellsnesi sem vinna að vottun Green Globe 21 á Nesinu. Til fundarins mætti einnig Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur, en hann er ásamt þeim Guðrúnu og Guðlaugi Bergmann í ráðgjafastjórn GG21 verkefnisins fyrir Snæfellsnes.

Mættir:

Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar – olijon@stykkisholmur.is

Benedikt Benediktsson oddviti Helgafellssveitar – bb07@hvippinn.is

Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar – kristinn@snb.is

Fjarverandi:

Guðbjartur Gunnarsson sveitarstjóri Eyja- og Miklaholtshrepps hjardarfell@simnet.is

– Guðbjartur forfallaðist á síðustu stundu og ekki tókst að boða varamann

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar bjorg@grundarfjordur.is sem ekki kemur úr leyfi fyrir en 1. maí

Stjórnin:

Fjarverandi: Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps –

salmo@islandia.is - enginn varamaður mætti

Guðlaugur Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – gulli@hellnar.is

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – gudrun@hellnar.is

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – gudbjorg@ust.is

Fjarverandi: Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – hjj@mi.is

- í hennar stað **mætti** Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir, varamaður Grundarfjarðarbæjar

– framnes@hotel-framnes.is

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – finsen@soffi.com

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – hildibrandur@simnet.is

Fjarverandi: Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar –

dagny@stykkisholmur.is - í hennar stað **mætti** Davíð Sveinsson –

david@stykkisholmur.is

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – menja@nsv.is

Formaður setti fundinn kl. 13:00 og var strax gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Fjármál ráðsins, samræmdar aðgerðir, forgangsverkefni og Vegamót – Guðlaugur Bergmann formaður framkvæmdaráðs
2. Viðmið Green Globe 21 – Guðrún G. Bergmann
3. Hagræðing af umhverfisstjórnunarstefnu – Stefán Gíslason
4. Drög að erindisbréfi fyrri framkvæmdaráð Snæfellsness kynnt fyrir sveitarstjórum Snæfellsness
5. Önnur mál

1. Fjármál ráðsins, samræmdar aðgerðir...

Guðlaugur fjallaði um GG21 vottunarverkefnið og sagði meðal annars í umfjöllun sinni að það væri forystuverkefni á heimsvísu og með þeirri vinnu sem lögð hefði verið í undirbúning þess væri ekki verið að tjalda til einnar nætur. Sú stefna sem

FRAMKVÆMDARÁÐ SNÆFELLSNESS

sveitastjórnirnar hefðu samþykkt til ársins 2015 væri leiðarvísir fyrir það starf sem framundan væri. Við vinnu að því væri samtakamáttur mikilvægur því allir þyrftu að draga vagninn í sömu átt. Hann fjallaði lítillega um stöðu verkefnisins hvað varðar tímasetningar og annað og sagði að stefnt væri að því að mæta viðmiðunum 20. maí n.k. og því að fullnaðarvottun fengist fyrir World Travel Mart (WTM) sýninguna í London í haust. Veiting verðlauna þar myndi jafnframt vera mikið markaðstækifæri fyrir Snæfellsnes.

Guðlaugur fjallaði um fjármögnun á frekari eftirfylgni við verkefnið. Benti hann á að sveitarfélögin hefðu takmarkaða tekjustofna en að siðferðislegur stuðningur þeirra væri mikilvægur. Miklu máli skipti að ekki yrði samkeppni um fjármagn, þannig að ef sótt yrði í opinbera sjóði fyrir Snæfellsnesverkefnið þá væri ekki verið að sækja um sér frá sveitarfélögunum í önnur verkefni – sem hugsanlega gæti leitt til þess að ekkert fengist. Hann taldi að farsælast yrði að halda sig við heildarstefnu og að sterkt samstarf væri mikilvægt.

Guðlaugur greindi frá því að sótt hefði verið um styrki til verkefnisins úr markaðssjóði Ferðamálaráðs Íslands, bæði til innanlands og utanlands markaðssetningar, auk þess sem sótt var um styrk í Pokasjóð og til Vegagerðarinnar (í samvinnu við Ferðamálaráð) til úrbóta á áningastöðum á Snæfellsnesi. Leitað hefur verið til Landsbanka Íslands um að gerast stór styrktaraðili við verkefnið, svo og til Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins eftir styrk við verkefnið í heild sinni þar sem það er mikið byggðaþróunarverkefni. Ekki hafa enn komið svör frá þessum aðilum. Deildarstjóri ferðamála í Samgönguráðuneytinu, Helga Haraldsdóttir, hefur haft samband við formann og beðið um greinargerð um það fjármagn sem þarf til að halda verkefninu áfram. Var það gert án nokkurrar skuldbindingar um fjárframlag. Fundurinn samþykkti að formaður tæki að sér að útbúa greinargerð í samráði við Kristinn Jónasson bæjarstjóra og leggja hana fram hjá ráðuneytinu.

Guðlaugur taldi helstu forgangsverkefni vera að ljúka vottunarferlinu, fjármagna rekstur Framkvæmdaráðs, koma upp vefsíðu fyrir Snæfellsnes og markaðssetja hana, útbúa kynningarbæklinga fyrir Snæfellsnes og útvega fjármagn til auglýsinga á mótum þeim styrkjum sem sótt hefði verið um, þar sem þeir byggðust á krónu á mótum krónu. Hluti af stefnumótuninni fæli í sér samstarf við Framhaldsskóla Snæfellsness vegna svæðisbundinnar fræðslu nemenda til að byggja upp þekkingargrunn fyrir framtíðina og síðan þyrfti að vinna af alvöru að því að sérhanna minjagripa fyrir Snæfellsnes. Hann taldi verkefnið gera kröfu um meiri samvinnu sveitarfélaganna, þótt hann gerði sér ekki alveg grein fyrir hversu nánin hún hefði verið hingað til. Ávinninginn af verkefninu taldi hann felast í aukinni hagræðingu, auknum sparnaði í rekstri og aukinni umhverfisvitund. Hann fælist líka í þátttöku íbúanna, eins og hefði m.a. strax komið í ljós í Stykkishólmi þar sem íbúarnir hefðu stofnað umhverfishóp.

Guðlaugur sagði að á meðan stýrihópur Snæfellsnes vann að stefnumótun hefði strax komið upp umræða um úrbætur sem gera þyrfti á Vegamótum. Þau væru á vissan hátt bæði andlit og innkoma á Nesið og þar þyrfti að vera öflug upplýsingamiðstöð. Rætt hefði verið við eigendur staðarins, sem hefðu hug á að byggja upp nýtt hús á Vegamótum til að bæta aðstöðuna. Þeir væru jafnframt opnir fyrir því að stofnað væri nýtt og stærra hlutafélag um reksturinn svo fleiri aðilar kæmu að fjármögnun uppbyggingarinnar. Væri skipulagning og undirbúningur hafinn strax væri hægt að hafa nýtt hús tilbúið næsta vor, þar sem væru veitingar, verslun, upplýsingamiðstöð,

nettenging og símar til að bóka gistingu og afþreyingu á Snæfellsnesi. Staðurinn gæti orðið mikilvægur sölustaður fyrir alla ferðapjónustu á Snæfellsnesi og hugsanlega væri hægt að manna upplýsingamiðstöðina yfir sumartímamann með nemendum úr Framhaldsskóla Snæfellsnes sem væru í starfsþjálfun með námi. Yfir vetrartímamann væri upplýsingagjöf í höndum rekstraraðila verslunar og veitinga.

Í framhaldi af þessari umfjöllun lagði Sigríður Finsen fram tvær spurningar. Annars vegar vildi hún vita hvaða áhrif Framkvæmdaráðið hefði t.d. á tilvist Ferðamálasamtaka Snæfellsness og hvort hugsað hefði verið að annað leysti hitt af hólmi. Hins vegar vildi hún vita hvort frekari uppbygging á Vegamótum myndi leiða til þess að aðrar upplýsingamiðstöðvar á Snæfellsnesi yrðu óþarfar eða hvor breyta þyrftu fyrirkomulagi þeirra. Guðlaugur svaraði því til að Framkvæmdaráðið væri á engan hátt sett upp til höfuðs Ferðamálasamtökum Snæfellsness. Ferðamálasamtökin væru bara eins og hver önnur samtök sem taka að ákveðin verkefni, sem stuðla að því að fylgja eftir stefnu sveitarfélaganna.

Stefán sagði að mikill munur væri á milli Ferðamálasamtakanna og Framkvæmdaráðsins. Ferðamálasamtökin væru áhugamannasamtök aðila úr atvinnugreininni sem vilja vinna að framþróun hennar. Framkvæmdaráðið væri stjórnskipað ráð, en sett er skilyrði fyrir slíku ráði í stöðlum GG21, sem gengdi stöðu staðbundins stjórnvalds, með umboð frá sveitarstjórnnum og væri því opinbert ráð.

Nokkur frekari umræða spannst um upplýsingamiðstöðvar og gildi þeirra og það hvort hægt væri að samræma það að hluta starfsemi bensínstöðva, því ljóst væri að þær væru opnar lengur en t.d. upplýsingamiðstöðvar. Menn voru ýmist með því eða á móti hvort upplmiðstöðvar væru opnar allt árið eða bara hluta úr ári, en allir komu skoðunum sínum á framfæri. Fjallað var um lengd ferðamannatímans, erfiðleika hans vegna tímabundinna starfa og þann kostnað sem fylgdi því að vera sífellt að þjálfa upp nýja starfsmenn.

2. og 3. Viðmið Green Globe 21 og umhverfisstjórnun

Þau Guðrún G. Bergmann og Stefán Gíslason fluttu erindi sem ráðgefendur sveitarfélaganna vegna vottunar Green Globe 21. Guðrún hóf framsöguna og fjallaði um þær lykiltölur sem liggja þurfa fyrir til að hægt sé að mæta viðmiðum Green Globe 21. Lykiltölurnar snúa að:

Orkunotkun	Magni gróðurhúsalofttegunda
Nox – SO2 – PM10	Vatnsnotkun sveitarfélaganna
Sorpi sem flutt er til urðunar	Pappírskaupum
Magni lífrænna eiturefna/með magni þeirra eiturefna sem keypt eru	
Magni lífrænna hreinsiefna/með heildarmagni hreinsiefna sem keypt eru	
Gæðum neysluvatns	Umhverfissvottuðum ferðapj.fyrirtækjum

Jafnframt greindi Guðrún frá því að ráðgjafahópurinn hefði sett fram tvær valkvæðar lykiltölur en þær snéru að:

- Notkun endurnýjanlegrar orku (raf- og heitavatns orku) sem síðan væri deilt í með heildarorkunotkun til að sjá prósentuhlutfallið
- Framleiðsla á endurnýtanlegri orku á svæðinu/heildarorkunotkun en í Ólafsvík er virkjun sem framleiðir raforku með vatnsafli.

Greindi Guðrún frá því hvaðan upplýsingar í greinargerðina til Green Globe 21 kæmu, hverjar lykiltölurnar væru, hvernig vatnsnotkun væri mæld, hvert heildarmagn sorps væri sem flutt er til urðunar, hver notkun á pappír er og hversu mikið af hreinsiefnum er keypt á Snæfellsnesi. Jafnframt fjallaði hún um líffræðilegan fjölbreytileika, en lykiltölur þar byggjast á mælingu friðlands innan sveitarfélaganna, um gæði neysluvatns en þau miðast við það hversu mörg sýni standast gæðakröfur og hversu mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi eru vottuð af umhverfisvottunarsamtökum (gildir einu hver þau eru) eða eru komin í vottunarferli. Guðrún greindi jafnframt frá því að allar þær upplýsingar sem hún væri að greina frá yrðu í lokaskýrslu verkefnisins.

Stefán tók síðan við og fjallaði um það hvar sveitarfélögin væru stödd í ferlinu, en í 3ja þrepa ferli eru lok annars þreps í sjónmáli. Er það mæting viðmiða GG21 sem vonast er til að verði 20. maí n.k., en ennþá hefur þó ekki komið staðfesting á því frá GG21. Stefán sagði að þrennt þyrfti að vera til staðar til að samfélagið fái vottun:

- Staðfesting á að samfélagið standist samanburð gagnvart viðmiðum GG21, þ.e. að umhverfisleg frammistaða í tilteknum þáttum uppfylli lágmarksskilyrði.
- Umhverfisstjórnunarkerfi (“mappa”) með áætlunum, verklagsreglum o.fl.
- Samþykkt áætlun (hluti af “möppunni”) um stöðugar úrbætur í þeim atriðum sem tilgreind eru í 1. lið.

Stefán benti jafnframt á að í framtíðinni þyrfti að vakta, þ.e. koma á einhverju ákveðnu skráningarkerfi eða skráningu í bókhalda þannig að halda mætti utan um eftirfarandi tölur/málaflokka á auðveldan máta og að auðvelt væri að sækja upplýsingar um stöðu þeirra:

Orkunotkun	Magni gróðurhúsalofttegunda
Nox – SO2 – PM10	Vatnsnotkun sveitarfélaganna
Sorpi sem flutt er til urðunar	Pappírskaupum
Magni lífrænna eiturefna/magn þeirra eiturefna sem keypt eru	
Magni lífrænna hreinsiefna/heildarmagn hreinsiefna sem keypt eru	
Gæðum neysluvatns	Umhverfisvottuðum ferðaþj.fyrirtækjum
+ e.t.v. valkvæðar lykiltölur	

Kjarni vottunarinnar fælist í fyrirheitum um stöðugar úrbætur. Skilgreina þyrfti hver á að skrá og skila inn tölum um hvern þátt fyrir sig, hvernig og hvenær. Ábyrgðin liggur hjá einstökum sveitarfélögum. Ekki er víst að sama fyrirkomulag henti öllum.

Stefán benti á að fyrstu tölur gæfu til kynna að vatnsnotkun á Snæfellsnesi væri langt umfram það sem vænta mætti þótt þar væri stunduð vatnsfrek fiskvinnsla. Lágmark SP miðar við 150 lítrar/sólarhring/íbúa. Reiknað er með að vatnsnotkun á Akureyri (fyrirtæki meðtalin) sé um 716 lítrar/sólarhring/íbúa. Á Snæfellsnesi mælist vatnsnotkunin hins vegar 3.260 lítrar/sólarhring/íbúa (fyrirtæki meðtalin).

Brýnustu umhverfisstjórnunaraðgerðir telur hann snúa að vatnsnotkun og kaupum á hreinsiefnum. Í sambandi við vatnsnotkunina telur hann markvissa mælingu og

vöktun skipta máli. Eins mætti selja fyrirtækjum skv. mæli og leita eftir því hvort leki sé á kerfunum. Af þeim 32 tonnum (klór meðtalinn) af hreinsiefnum sem keypt voru á síðasta ári á Snæfellsnesi voru aðeins 5 kg talin lífræn og niðurbjótanleg í náttúrunni. Sé aðeins litið til gólfsápu, handsápu, þvottaefna, uppþvottaefna, baðsápu og alhliða hreingerningarefna er hlutfallið 5 kg af 5.5 tonnum eða um 0.09%. Þarna telur hann vera mikilvægt tækifæri til úrbóta því öll þessi efni eru til á markaðnum, umhverfismerkt og á samkeppnishæfu verði.

Í lokin benti Stefán á þann sparnað sem hlýst af umhverfisstjórnun. Lagði hann fram nýútkomna skýrslu frá Hópbílum (sem hlutu Kuðunginn, umhverfisverðlaun Umhverfisstjórnunarstjórnsýslu s.l. helgi) þar sem þeir sýna fram á tæplega 4 milljón króna sparnað bara á þremur rekstrarliðum milli ára 2002 og 2003. Jafnframt benti Stefán á að næstu tvö ár þar á undan hefðu Hópbílar sparað mun meira í rekstrinum með styrki umhverfisstjórnunarstefnu, því yfirleitt verður mestur sparnaður fyrst.

Nokkur umræða spannst eftir kynningu Guðrúnar og Stefáns. Aðallega voru menn undrandi yfir miklu magni hreinsiefna og mikilli vatnsnotkun. Óli Jón benti m.a. á að sundlaugin í Stykkishólmi væri fyllt af upphituðu köldu vatni og að uppgufun úr henni væri um 80 l á sólarhring. Kristinn benti á að vatnskerfið í Ólafsvík væri þannig uppbyggt að þrýstingi væri létt af söfnunartanki að nóttu til milli 10 og 7 þegar notkun væri minnst með því að hleypa vatni út af kerfinu. Það gæti verið ein skýringin á vatnsnotkun sveitarfélagsins hjá honum. Allir voru sammála um að þetta væru tölur sem þyrfti að skoða nánar.

Ráðgjafar bentu á að fara þyrfti yfir lykiltölurnar með starfsmönnum sveitarfélaganna og munu sveitarstjórar ákvarða hvenær halda skal fundi með þeim.

Rætt var um það að hugsanlega þyrfti að koma á framfæri upplýsingum um það hvaða vörur væru umhverfismerktar og hvaða vörur ekki. Lagt var til að koma upplýsingum um umhverfismerki á framfæri á vefsíðum stærri sveitarfélaganna til að auðvelda fólki að þekkja þau. Mun ritari ráðsins kanna hvort Lýsuhólsskóli gæti komið þar að málum.

Lagt var til að Framkvæmdaráð í samráði við Stefán Gíslason myndi koma með tillögur að vörum sem sveitarfélögin gætu keypt, s.s. í vöruflokkum eins og hreinsiefni, pappír og öðru fyrir sveitarfélögin og var það samþykkt.

4. Drög að erindisbréfi...

Stefán, Dagný, Guðrún og Guðlaugur sömdu drög að erindisbréfi fyrir Framkvæmdaráð Snæfellsness sem lagt var fyrir fundinn. Var það yfirfarið og gerðar við það athugasemdir. Er það sent í endanlegri tillögugerð til allra sveitastjórnanna til samþykktar með þessari fundargerð.

Staðall Green Globe 21 gerir ráð fyrir því að Framkvæmdaráðið starfi allt árið, til að sjá um að stefnumótun og sjálfbærnistefnu sveitarfélaganna sé fylgt eftir. Á fyrsta fundi ákvað Framkvæmdaráð að greiða skyldi 5.000 krónur fyrir hvern fund, auk aksturs. Á 2. fundi var hins vegar lögð fram ný tillaga um að greiddar yrðu 7.000 krónur fyrir hvern fund auk aksturs og að formaður fengi 14.000 greiddar fyrir hvern fund. Sagði Dagný þá greiðslu vera í samræmi við greiðslur til fulltrúa í Héraðsnefnd. Var sú tillaga samþykkt og hin fyrri felld úr gildi.

Rekstur Framkvæmdaráðs tengist ekki í raun eiginlegum vottunarkostnaði sem greiða þarf til Green Globe 21, né heldur undirbúningi fyrir vottun sem greidd er af styrkjum sem sveitarfélögin fengu. Farið var fram á það við sveitarstjórnirnar að þær greiddu upphafsframlag til Framkvæmdaráðs til að hægt væri að greiða fyrir fundarsetu og kaupa nauðsynleg gögn eins og fundargerðarbók, möppur o.fl. Var farið fram á 25.000 króna framlag frá minni sveitarfélögunum og 50.000 krónur frá stærri sveitarfélögunum.

Þessi beiðni var tekin til umfjöllunar á fundinum og mótmælti Benedikt frá Helgafellssveit því að hans sveitarfélag þyrfti að borga stærri hlut til ráðsins en sem næmi hlutfallslegum fólksfjölda á móti hinum sveitarfélögunum. Bent var á að við alla atkvæðagreiðslu innan Framkvæmdaráðs hefðu minni sveitarfélögin eitt atkvæði á móti tveimur atkvæðum stærri sveitafélaganna og að þar réði ekki höfðatala. Samþykkt var að senda bréf til allra sveitarfélaga og leita eftir samþykki á þessum styrk. Verða lagðar fram tvær tillögur, annars vegar að minni sveitarfélögin leggi fram 25.000 krónur hvort og þau stærri 50.000 krónur hvort – og svo önnur tillaga um að þær 200.000 sem sótt er um skiptist milli sveitarfélaganna í hlutfalli við höfðatölu. Gert er ráð fyrir að sú tillaga sem hljóti yfirgnæfandi meirihluta í stjórnnum sveitarfélaganna gildi.

Jafnframt var fjallað um hvaða afstöðu ætti að taka í sameiginlegu málum þar sem hluti sveitarfélaganna væri á móti tillögu sem lögð væri fyrir þau öll. Samþykkt var að í slíkum tilvikum yrði meirihluti að ráða.

Rétt er að geta þess að beinn kostnaður við hvern fund er 63.000 krónur, auk þess sem gert er ráð fyrir því að greitt sé fyrir akstur sem er mismikill eftir því hvar fundur er haldinn. Má því áætla að heildarkostnaður sé á bilinu 80-90 þúsund. Ekki er greitt sérstaklega fyrir fulltrúa Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, þar sem hann mætir alla jafnan í vinnutíma. Samþykkt var í upphafi að hvert sveitarfélag fyrir sig greiddi kostnað vegna kaffis þegar fundir væru haldnir í þeirra sveitarfélagi, en fundirnir eru haldnir til skiptis í sveitarfélögunum.

5. Önnur mál

Ekkert mál var tekið fyrir undir þessum lið og fastur tími fyrir næsta fund ekki ákveðinn.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið
Fundarritari: Guðrún G. Bergmann